

Alþingi
Erindi nr. P 132/183
komudagur 28.11.2005

Umhverfisnefnd Alþingis
nefndarritari Hlín Lilja Sigfúsdóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2005
2005110012/42-1
SB/rsb

Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum

Við er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. nóvember 2005 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum.

Frumvarpið miðar að því að rýmka kærurétt almennings varðandi ákvarðanir annars vegar Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda, sbr. 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, og hins vegar Skipulagsstofnunar, sbr. 2 og 3. mgr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Náttúrufræðistofnun er almennt fylgjandi rúmum málskots- og kærurétti almennings og telur slíkan rétt stuðla að náttúruvernd og vera í anda Árórsamningis og tilskipunar Evrópusambandsins 2003/35/EB. Í því sambandi má benda á umsögn, dags. 15. janúar 2004, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og um breytingu á byggingar- og skipulagslögum. Þar segir:


"6. Málskotsréttur almennings til ráðherra (varðandi ákvarðanir Skipulagsstofnunar) er þrengdur verulega (14. gr) og takmarkaður við þá sem „eiga sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta“ í stað „allra“ áður. Einnig er aðkoma almennings að athugasemdum við matskýrsluna sjálfa þrengd og bundin við „drög að matskýrslu“ (sjá síðar). Náttúrufræðistofnun Íslands telur að þetta brjóti í bága við Árórsamninginn um rétt almennings til þátttöku í ákvarðanatöku (1998) og nýja tilskipun Evrópusambandsins 2003/35/EB sem byggir á ákvæðum hans. Í 2. gr. 2003/35/EB segir m.a.: „Member States shall ensure that the public (“the public” samkvæmt tilskipuninni er lauslega þýtt: “einn eða fleiri lögráða einstaklingar, stofnanir þeirra, samtök og áhugahópar”) is given early and effective opportunities to participate in preparation and modification or review of the plans and programmes“ (inngangur að 2. mgr.) og „in making those decisions, due account shall be taken of the results of the public participation“ (2. gr. 2. mgr., liður c.). Í greinargerðu með frumvarpinu, bls. 16-17, segir að forsenda breytinganna sé samræming við reglur í nágrannalöndum. Væntanlega þurfa þó nágrannalöndin að rýmka málskotsrétt til samræmis



við tilskipunina á allra næstu misserum. Náttúrufræðistofnun Íslands telur þrengingu málskots- og kæruréttar almennings varðandi mat á umhverfisáhrifum og gerð skipulagsáætlana ekki vera í samræmi við alþjóðlegar skyldur og þróun á alþjóðlegum vettvangi, enda viðurkennt m.a. í Árórsamningnum að hlutverk almennings sé að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald við ákvarðanatöku."

Náttúrufræðistofnun mælir því með að þetta frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

